



9. mars 2021.

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

MINNISBLAÐ

Skóladagatöl grunnskóla í Hafnarfirði skólaárið 2021-2022, mál 2101127

Minnisblað þetta tengist skilum grunnskóla í Hafnarfirði á skóladagatölum fyrir skólaárið 2020-2021. Minnisblaðið er fylgiskjal með skóladagatölum einstakra skóla og staðfestingu skólaráðs sem þeim fylgir. Minnisblaðinu er ætlað að taka saman stöðuna fyrir hvern skóla til að hafa yfirsýn yfir inntak þeirra og til að átta sig á því hvort skóladagatalið uppfyllir viðmið.

Við gerð skóladagatalsins þurftu grunnskólarnir að gera ráð fyrir fjórum dögum í vetrarfríi, tveir á haustönn (14.-15. október 2021) og tveir á vorönn (21.-22. febrúar 2022) auk þriggja sameiginlegra skipulagsdaga með leikskólum bæjarins (23. ágúst, sem reyndar merkist sem undirbúningsdagur utan 180 skóladaga hjá grunnskólunum, 15. nóvember og 25. maí). Að öðru leyti er það skóla að ljúka gerð skóladagsins í samræmi við kjarasamninga, þ.e. 180 skóladagar, 8 undirbúningsdagar utan og fimm undirbúningsdagar innan skóladaganna 180, þ.e. tveir ofar tilgreindir en skólar skilgreina þá hina þrjá. Þá er skólum heimilt að víkja frá hefðbundinni stundaskrá allt að 10 daga sem uppbrotsdaga (öðru vísi stundaskrá en fullur skóladagur) og 10 skerta dagar (ekki fullur skóladagur) á skólaárinu. Eftir að skólarnir hafa lokið gerð skóladagatalsins senda þeir það til skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs sem undirbýr það til staðfestingar í fræðsluráði í samræmi við hlutverk skólanefnda sveitarfélaga í lögum um grunnskóla.

Eftirfarandi er samantekt um skóladagatöl einstakra grunnskóla:

- *Áslandsskóli*: Skóladagatal og staðfesting skólaráðs hafa borist. Uppfylla viðmið. Áhersla: 10 skóladagar í uppbrot og 10 skertir skóladagar af 180 skilgreindir. Skertir dagar eru: í foreldraviðtöl, skólaþingi og skólaslit, jólaböllum, öskudag, prófadaga, íþróttadag, vordaga og menningarhátíð. Uppbrotsdagar eru ekki skilgreindir nánar nema tveir í nóvember, vinavika/fjölgreindaleikar.
- *Engidalsskóli*: Skóladagatal hefur borist og uppfyllir viðmið. Áhersla: Tíu skertir skóladagar en enginn uppbrotsdagur skilgreindir sem öðruvísi út frá skólasókn. Þetta eru: skólaþingi og skólaslit, foreldrasamráð, jólaundirbúningur og jólaþingtanir, árshátíð, öskudagur, íþróttadagur og þemadagar.
- *Hraunvallaskóli*: Skóladagatal og staðfesting skólaráðs hafa borist. Uppfylla viðmið. Áhersla: Skóladagatal er tvískipt, fyrir 1.-7. bekk annars vegar og 8.-10. bekk hins vegar. 10 skertir skóladagar og 10 uppbrotsdagar af 180 skilgreindir sem öðruvísi út frá skólasókn. Skertir dagar nýttir í: skólaþingi og skólaslit, samtalsdaga, vinavika, jólaböllum, Hraunvallaleika (1 d.) og íþróttadag. Uppbrotsdagar eru nýttir í Hraunvallaleika og Grúskið. Skólinn skilar inn tveimur staðfestingum frá skólaráði þar sem verkefnið fór tvisvar sinnum fyrir skólaráð, þ.e. upphaflega samþykkt og síðan breyting.
- *Hvaleyrarskóli*: Skóladagatal og staðfesting skólaráðs hafa borist. Uppfylla viðmið. Áhersla: 7 skóladagar skertir og 7 uppbrotsdagar. Skertir dagar eru nýttir í skólaþingi og skólaslit, námsviðtöl, öskudag og, vinaviku o.fl. Uppbrotsdagar eru nýttir í skólaþingi, vinaviku, þemadaga og vordaga.

- **Lækjarskóli:** Skóladagatal og staðfesting skólaráðs hefur borist. Uppfylla viðmið. Áhersla: Tveir uppbrotisdagar (þemadagur og útivistardagur) og tíu skertir skóladagar eru skilgreindir sem eru: Skólaslit, foreldrasamráð, jólaskekkmtanir, öskudagur, þemadagur, íþróttadagur/skólaslit, fjölgreindaleikar. Sérstök ástæða er til að útskýra einn þátt í skóladagatalinu sem starfsfólk skólans og skólaráð hefur samþykkt og er óvenjulegt þótt það brjóti ekki bága við viðmið. Þrjú skipulagsdagar skólans innan skólaársins eru allir settir á í sömu vikunni (fjórða vika maímánaðar) ásamt einum skertum degi (foreldraviðtöl sem í reynd verða færð til og ekki tekin á þessum tíma heldur tekin eftir kennslu í febrúar). Með þessu býr skólinn til kennslulausa viku sem annars ættu að vera fjórir kennsludagar til þess að fara í námsferð til Boston í Bandaríkjunum til að kynna sér menntaáhersluna *Universal Design by Learning* sem skólinn er að innleiða hjá sér. Skólaár nemenda eða starfsmanna lengist hvorki eða styttest með þessari tillögu.
- **Setbergsskóli:** Skóladagatal og staðfesting skólaráðs hefur borist. Uppfylla viðmið. Áhersla: Skóladagatali er skipt í þrjú hluta, þ.e. 1. bekkur, 2.-7. bekkur og 8.-10. bekkur. 10 skóladagar af 180 skilgreindir sem skertir dagar og tíu uppbrotisdagar sem dreifast á árganga. Skertir dagar eru: skólasetning og skólaslit, jólaskekkmtun, samtalsdagar (flestir í 1. bekk), öskudagur og (a) þemadagur og fleiri vordagar fyrir yngri nemendur en (b) fleiri fyrir námsmat hjá eldri nemendum. Uppbrotisdagar eru fjölgreindaleikar, Halloween, þemadagur, útidagur, bóndadagur og jólaundirbúningur.
- **Skarðshlíðarskóli:** Skóladagatal og staðfesting skólaráðs hafa borist. Uppfylla viðmið. Áhersla: 10 skertir skóladagar og 10 uppbrotisdagar. Skertir dagar eru nýttir í skólasetningu og skólaslit, samtalsdaga, árshátíð unglínganna, jólaball, öskudag, íþróttadag, fjölgreindaleika, þemadagur. Uppbrotisdagar eru nýttir í þemaviku, skíðaferð og vordaga
- **Víðistaðaskóli:** Skóladagatal hefur borist og uppfyllir viðmið. Áhersla: Engir uppbrotisdagar en níu skertir skóladagar skilgreindir og eru: skólasetning og skólaslit, foreldrasamráð, jólaskekkmtanir, öskudagur, íþróttadagur og þemadagur. Undirritun á staðfestingu skólaráðs vantar sökum samkomubanns en það er staðfest að sögn skólastjóra.
- **Öldutúnsskóli:** Skóladagatal og staðfesting skólaráðs hafa borist. Uppfylla viðmið. Áhersla: Engir skóladagar eru skilgreindir sem uppbrotisdagar en 10 skertir dagar út frá skólasókn sem dreifast á skólaárið. Þetta eru skólasetning og skólaslit, námssamtöl, jólaskekkmtanir, öskudagur, prófadagur, umhverfisdagur og útivistardagar.
- **Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnarfirði:** Skóladagatal hefur borist. Uppfyllir viðmið. Áhersla: Engir skóladagar eru skilgreindir sem uppbrotisdagar en 4 skertir dagar út frá skólasókn sem dreifast á skólaárið. Þetta eru skólasetning, skólaslit og foreldraviðtöl. Staðfesting skólaráðs ókomin.
- **NÚ Framsýn:** Skóladagatal og staðfesting skólaráðs hafa borist. Uppfylla viðmið. Áhersla: Sérstaða skóladagatala NÚ er að það fylgir ekki kjarasamningi KÍ og sveitarfélaga heldur fylgir kjarasamningi BHM félaga. 10 skertir skóladagar og 10 uppbrotisdagar af 180 eru skilgreindir. Innan nemendadaganna 180 samhæfir skólinn sig við Hafnarfjörð með því að hafa tvö vetrarfrí á sama tíma og í grunnskólum bæjarins og hafa skipulagsdaga fimm innan nemendadaganna 180 og þá sömu og í grunnskólum Hafnarfjarðar. Áhersla: Ekki eru skilgreindar sérstakar áherslur innan skóladagatala vegna öðru vísi kennsludaga nema með þrjú daga, þ.e. skólasetningu, öskudag og skólaslit utan óvissuferðar í upphafi skólaársins.

Virðingarfyllt,



Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla